

# Societas Gerontologica Islandica

Reykjavík 24. nóvember 2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 136/257  
komudagur 26.11.2008

## Efni: Umsögn Öldrunarfræðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð

Öldrunarfræðafélagið telur að brýnt sé að íhuga vel afleiðingar af því að breyta lögum með þessum hætti og vekur athygli á því að gæta þurfi að því að hagsmunir aldraðra sem og aðstandenda þeirra verði tryggðir með einhverjum hætti .

Það að ætla sér að veita greiðslur til aðstandenda vegna umönnunar veikra aldraðra getur verið tvíbent.

- Annars vegar getur það gerst að aðstandandi verður háður greiðslunum en er þó ekki í stakk búinn til þess að veita hinum aldraða viðeigandi þjónustu.
- Hins vegar getur það einnig gerst að aðstandendur sem hvorki vilja né treysta sér til verði bundir við umönnun sins aldraða ættingja eða maka.

Mögulega væri hægt að koma í veg fyrir ofangreint með því að aðstandendur og aldraðir þurfi að sækja um greiðslurnar t.d. með því að fara í gegnum viðtal hjá fagfólki sveitarfélagsins og þá um leið yrði sveitarfélagið í tengingu við fjölskylduna og bæri ábyrgð á að veita upplýsingar og ráðgjöf í tengslum við umönnunina sem og önnur úrræði sem geta verið í boði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Öldrunarfræðafélags Íslands

*Sigrún Ingvarsdóttir*

Sigrún Ingvarsdóttir, formaður Öldrunarfræðafélags Íslands